

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	SAGA3ÞV05
Kennari:	Sólrún Guðjónsdóttir
Önn:	Vor 2021
Áætlun unnin:	7. janúar 2021

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hugtalinu þjóðarmorð, hvenær það varð til og hvers vegna
- skilgreiningu þess hugtaks
- þjóðernishreinsunum og geti skilgreint hugtakið
- stríðsglæpadómstólum og hvar þeir eru starfandi
- helstu þjóðarmorðum/voðaverkum sem tengjast efninu, geti áttað sig á umfangi þeirra og orsökum og hvað olli þeirri skelfingu sem atburðurinn hafði í för með sér
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar.

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita sjálfstæðum vinnubrögðum við öflun heimilda og úrvinnslu þeirra
- tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans, rökræða efnið og geta miðlað því á fjölbreyttan máta
- skilgreina þau hugtök sem áfanginn fjallar um
- greina áreiðanleika heimilda og upplýsinga sem er að finna um efnið
- lesa fræðilega texta á íslensku og erlendum málum um efni áfangans

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilgreina orsakir þessara voðaverka, gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra, bæði staðbundið og á heimsvísu
- átta sig á hvers vegna leiðtogar og hópar hvetja til voðaverka gegn þjóðum, þjóðarbrotum og etniskum hópum
- útskýra hvers vegna alþjóðasamfélagið leggur svo mikla áherslu á að koma í veg fyrir þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir
- greina orsakir þess að stórbjóðir og alþjóðastofnanir eru oft svifaseinar og getulitlar í málum þeim sem áfanginn fjallar um

sem metið er með:

Leiðsagnarmati sem felur í sér fjölbreytt verkefni til nemenda alla önnina. Lögð er áhersla á umsagnir til nemenda sem leiða þá áfram í náminu.

Námsefni:

Námsmat:

Einkunn (100%):

Undirbúningsverkefni
Stór verkefni

20%
80%

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Það eru tvær fastar kennslustundir í áfanganum í hverri viku og er skyldumæting í þær allar fyrir staðnema. Fjarnemar eru velkomnir í fastar kennslustundir sem og verkefnatíma. Allar verklýsingar koma fram í Moodle, sem og skilafrestir, skilakassar fyrir verkefni og kaflapróf. Kennari leggur inn hvert efni, bæði í kennslustund og á Moodle en nemendur vinna verkefni einir og í hópum.
Um skilafrest og vanskil:
Ekki er hægt að skila verkefni of seint skv. skólareglum.
Um námsmat og kaflapróf:
<ul style="list-style-type: none"> Námsmat í þessum áfanga er leiðsagnarmat, en það felst í stöðugri leiðsögn til nemenda á önninni, þar sem þeir hafa tækifæri til að bæta vinnu sína til að auka framfarir. Ekkert eiginlegt lokapróf er í áfanganum, en verkefnavinna nemenda er metin til einkunnar.
Vikuskema:
Mánudagar Þriðjudagar – kl. 14.35 – 15.35 Miðvikudagar Fimmtudagar - kl. 10.50 – 11.50 Föstudagar

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 1 3.- 9. janúar	Kynning á áfanganum og Moodle. Heimildir og kröfur. Hvað er þjóðarmorð? Hvaða þjóðarmorð ætlum við að fjalla um?	Stutt verkefni
Vika 2 10.- 16. janúar	Kennsluáætlun unnin	Stutt verkefni
Vika 3 17. -23. janúar	Helförin - undirbúningsvinna	Stutt verkefni
Vika 4 24. -30. janúar	Helförin – verkefnavinna	
Vika 5 31. janúar – 6. febrúar	Helförin – verkefnavinna	
Vika 6 7. -13. febrúar	Helförin – verkefnavinna	Skil á stóru verkefni um helförina 12. febrúar

Vika 7 14. – 20. febrúar	Námsmatsdagar 15. og 16. febrúar Þjóðarmorð Tyrkja á Armenum - undirbúningur	Stutt verkefni
Vika 8 21. – 27. febrúar	Þjóðarmorð Tyrkja á Armenum - verkefnavinna	
Vika 9 28. febrúar – 6. mars	Vetrarfrí 1. og 2. Mars Þjóðarmorð Tyrkja á Armenum - verkefnavinna	Skil á verkefni um þjóðarmorð Tyrkja á Armenum
Vika 10 7. -13. mars	Rwanda - undirbúningur	Stutt verkefni
Vika 11 14. – 20. mars	Rwanda - verkefnavinna	
Vika 12 21. – 27. mars	Valvika Rwanda - verkefnavinna	Skil á verkefni um Rwanda
Vika 13 28. mars - 3. apríl	Páskafrí	
Vika 14 4. -10. apríl	Páskafrí 4. – 6. Apríl Fyrrum Júgóslavía	
Vika 15 11. – 17. apríl	Fyrrum Júgóslavía	Skil á stuttu verkefni um fyrrum Júgóslavíu
Vika 16 18. – 24. apríl	22. apríl – sumardagurinn fyrsti Lokaverkefni að eigin vali	
Vika 17 25. apríl – 1. maí	Lokaverkefni að eigin vali	
Vika 18 2. – 8. maí	Verkefnadagar Lokaverkefni að eigin vali	Skil á lokaverkefni

Vika 19 9. – 15. maí	Verkefnadagur 10. Maí Námsmatsdagar 11. 12. og 14. maí	
Vika 20 16.-22. maí	Námsmatsdagar Einkunnabirting 20. maí	

*Birt með fyrirvara um breytingar
Kennari*